



HAFNARFJÖRDUR

05.04.2017
Málsnr. 1703121

**Grenndarkynning – Hafnarfjarðarbær
Klettahraun 23 - Breyting vegna byggingarleyfisumsóknar**

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar þann 08.03.2017, var tekið fyrir erindi eigenda Klettahrauns 23, Magnúsar Inga Óskarssonar og Signýar Jóhannesdóttur um byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra breytinga á húsi þeirra. Á fundinum var samþykkt að grenndarkynna meðfylgjandi tillögu THG arkitekta að breytingum á Klettahrauni 23, Hafnarfirði, dags. 07.03.2017. Erindið er grenndarkynnt í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Niðurstaða fundarins var: *“Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa samþykkir að grenndarkynna erindið þar sem það samræmist ekki deiliskipulagi.”*

Breytingin felst m.a. í að stofa verði stækkuð til suðurs um 2.7m, gólf lækkað og gluggar síkkaðir. Einnig verði bílskúr hækkaður og stækkaður til vesturs um 2m.

Tillagan verður grenndarkynnt frá 7. apríl til 5. maí 2017. Hægt er að skoða tillöguna á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á Umhverfis- og skipulagsþjónustu, Norðurhelli 2.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 5. maí 2017. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllst

Guðrún Guðmundsdóttir

Arkitekt / skipulagsfræðingur

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

gudrung@hafnarfjordur.is

Athygli er vakin á að skv. 3.mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en frestur til athugasemda rennur út að þeir geri ekki athugasemdir við tillöguna.